



Líf - Sálin Hans Jóns Míns

Ljós í myrkri, langt og mjótt
markar upphafið hjá þér.
Allt í einu ertu komin
inní heiminn, lítil dofin,
dregur andann hið fyrsta sinn.

Þú ert vorið, vindur hlýr
vekur hjá mér nýja kennd.
Og ég græt í gleði minni,
þú gefur mér með návist þinni
svo miklu meira en trúði ég.

Líf. Ljómi þinn er skínandi skær.
Líf. Augu þín svo saklaus og tær.
Fegurra en nokkuð annað.
Áhrifin ótvíræð;
ég svíf því ég á
þetta líf.

Óskadraumur - ásýnd þín.
Ekkert jafnast á við það.
Þó mig þúsund drauma dreymi,
þessa stund ég alltaf geymi
í mínu sinni ókomin ár.

Líf. Ljómi þinn er skínandi skær.
Líf. Augu þín svo saklaus og tær.
Fegurra en nokkuð annað.
Áhrifin ótvíræð;
ég svíf því ég á þetta líf.